



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 20/2010

Skráning og notkun Félags dyravarða á léninu dyravordur.is

I.

Erindið

Með tölvubréfi Dyravarðar ehf. til Neytendastofu, dags. 17. júlí 2009, var lögð fram kvörtun yfir skráningu og notkun Félags dyravarða á léninu dyravordur.is. Dyravörður sé skráð firma með langa sögu en félag dyravarða sé nýstofnað félag. Ótækt sé að samkeppnisfyrirtæki geti stofnað félag og farið í nafnaleiki til að skekkja samkeppnisstöðu á markaði. Því er af hálfu Dyravarðar farið fram á réttur félagsins til lögskráðs firma verði virtur og lénið skráð yfir til Dyravarðar.

II.

Málsmeðferð

1.

Erindi Dyravarðar var sent Félagi dyravarða til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 18. ágúst 2009. Í bréfinu kom fram að stofnunin teldi ákvæði 5. og 15. gr. a. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu eiga við í málinu.

Með bréfi Neytendastofu til Félags dyravarða, dags. 16. september 2009, var ítrekað fyrra bréf stofnunarinnar og óskað eftir skýringum eða athugasemdum Félags dyravarða við erindi.

2.

Með tölvubréfi Félags dyravarða, dags. 27. september 2009, kom fram að Félagi dyravarða hafi ekki borist fyrra bréf stofnunarinnar.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 28. september 2009, var Félagi dyravarða því sent erindi Dyravarða til umsagnar.



Svar Félags dyravarða barst Neytendastofu með ódagsettu bréfi, mótt. 7. október 2009. Í bréfinu kemur fram að Félag dyravarða sjái ekki að um sé að ræða brot gegn ákvæðum laga nr. 57/2005. Hjá ISNIC gildi sú regla um lénaskráningu að „fyrstur kemur, fyrstur fær“. Lénið dyravordur.is hafi verið laust í langan tíma og því hafi Dyravörður haft nægan tíma til þess að skrá lénið.

3.

Bréf Félags dyravarða var sent Dyraverði til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 12. október 2009.

Hinn 14. október 2009 barst Neytendastofu tölvubréf frá Félagi dyravarða þar sem lagðar voru fram frekari röksemdir. Í bréfinu kemur fram að Félag dyravarða hafi uppfyllt skilyrði þau sem fram koma í reglum ISNIC um skráningu léna og því hafi skráningin farið fram á heiðarlegan og réttmætan hátt.

Félag dyravarða líti svo á að hver og einn dyravörður eigi rétt á léninu og því markmiði sé náð með Félagi dyravarða, þar sem allir dyraverðir eigi rétt til að ganga í félagið. Lénið dyravordur.is sé tilvísun í starfstitil starfsstéttarinnar og Félag dyravarða telji ekki hægt að binda eignarrétt við lénið. Að því sögðu séu starfsmenn Dyravarða einnig í sömu starfsstétt og því hafi Félag dyravarða hagsmuni þeirra einnig í huga.

Þá er tekið fram að Félag dyravarða séu félagasamtök sem ekki séu rekin í hagnaðarskyni. Þau séu því ekki í samkeppni við Dyravörð.

4.

Með tölvubrési Neytendastofu til Dyravarða, dags. 19. október 2009, var Dyraverði gefinn kostur á að koma að skýringum eða athugasemdum við tölvubréf Félags dyravarða.

Ekkert svar hefur borist.

III.

Niðurstaða.

1.

Í máli þessu kvartar Dyravörður ehf. yfir skráningu og notkun Félags dyravarða á léninu dyravordur.is. Dyravörður hafi verið starfrækt mun lengur en Félag dyravarða og því eigi fyrirtækið lögvarinn rétt til firmaheitisins og þar með léns sem er samhljóða.



Af hálfu Félags dyravarða er því hafnað að lénið hafi verið skráð í vondri trú. Lénið sé lýsandi fyrir starfsemi félagsins og sé hið sama og starfsheiti þeirra einstaklinga sem séu í félaginu.

2.

Í bréfi Neytendastofu, dags. 18. ágúst 2009, kom fram að ákvæði 5. og 15. gr. a laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu kæmu til álita í málinu.

Ákvæði 15. gr. a. laga nr. 57/2005 er svohljóðandi:

„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því um líkt, sem sá hefur ekki rétt til er notar, eða reka atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.“

Í ákvæðinu felst almenn vernd auðkenna sem kemur til fyllingar á vörumerkjavernd eins og glöggst sést af lögskýringargögnum þegar reglan var fyrst lögfest, svo sem greinargerð með frumvarpi til samkeppnislaga nr. 8/1993. Efnislega er 15. gr. a. samhljóða ákvæði eldri samkeppnislaga um almenna vernd auðkenna. Fyrri málsliður greinarinnar hefur að geyma almennt bann við því að nota auðkenni, t.d. firmanafn og vörumerki, sem annar á. Rétturinn til þessara auðkenna getur hvílt á sérlöggjöf svo sem lögum um vörumerki, lögum um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð og því um líkt. Samkvæmt greinargerðinni skiptir ákvæðið máli um viðbótarvernd við þá vernd sem framangreind sérlög veita auðkennum. Þá segir í greinargerðinni að í 2. másl. greinarinnar sé rétturinn til að nota eigin auðkenni takmarkaður á þann veg að óheimilt sé að nota auðkenni þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki noti með fullum rétti.

Þá er í 5. gr. laganna lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fer fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna. Ákvæði 15. gr. a. er í V. kafla laganna.

3.

Báðir aðilar málsins hafa skráð auðkenni sín með þar til gerðum hætti. Dyravörður ehf. á skráð firmaheiti en Félag dyravarða á skráð lénið dyravordur.is hjá ISNIC auk þess sem nafn lénsins er samhljóða síðara orðinu í heiti félagsins. Að mati Neytendastofu eiga báðir aðilar rétt til auðkenna sinna og því kemur til álita ákvæði 2. másl. 15. gr. a. laga nr. 57/2005.

Réttur til vörumerkis getur stofnast annars vegar fyrir skráningu og hins vegar fyrir notkun. Meginreglan er sú að eigandi merkis öðlast einkarétt til nafnsins og er öðrum þar með óheimilt



að nota það eða annað nafn sem líkist því svo mikið að ruglingshætta skapist. Til þess að njóta einkaréttar verður vörumerkið að vera þess eðlis að það geti aðgreint fyrirtækið eða vöru þess eða þjónustu frá keppinautum og takmarkast verndin því við að merkið sé ekki almennt orð og lýsandi fyrir þá vöru eða þjónustu sem fyrirtækið býður. Ákvæði 15. gr. a. laga nr. 57/2005 er einkum ætlað að vernda auðkenni gegn því að keppinautur noti annað auðkenni sem líkist því mikið. Við mat á ruglingshættu er litið til þess hvort fyrirtækin séu í samkeppni og hvort þau séu á sama markaðssvæði.

Það er mat Neytendastofu að orðið dyravörður sé lýsandi fyrir starfsemi beggja aðila. Því telur stofnunin Dyravörð ekki geta notið einkaréttar á orðinu dyravörður og komið með því í veg fyrir skráningu annarra á léninu. Við leit í lénaskráningu að léninu dyravordur.com kemur í ljós að lénið er ekki lengur skráð eða í notkun Dyravarðar. Þá er Félag dyravarða ekki í atvinnustarfsemi og því er ekki hætt á ruglingi á milli aðilanna.

Með vísan til framangreinds telur Neytendastofa ekki ástæðu til frekari aðgerða af hálfu stofnunarinnar í máli þessu.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Í máli þessu er ekki ástæða til aðgerða af hálfu Neytendastofu.“

Neytendastofa, 28. apríl 2010

Tryggvi Axelsson
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir